



Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Kjalölduveitu

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2016-141

Dags: Ágúst 2016

Fjöldi síðna: 10

Upplag: 10

Dreifing:

- ☒ Birt á vef LV
- ☒ Opin
- ☐ Takmörkuð til

Titill: Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Kjalölduveitu

Höfundar/fyrirtæki: Bjarni F. Einarsson / Fornleifafræðistofunni

Verkefnisstjóri: Helgi Bjarnason

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Að beiðni Landsvirkjunar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á Holtamannafrétti vegna Kjalölduveitu sunnan Þjorsárvera. Vettvangsvinna fór fram í ágúst 2016. Samtals voru fjórar vörður skráðar í tengslum við vettvangskonunina en ein þeirra reyndist liggja fyrir utan könnunarsvæðið. Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Allar þær þrjár sem málið varðar töldust hafa lágt minja- og varðveislugildi.

Lykilorð: Kjalölduveita, fornleifarannsókn, vörður

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Helgi Bjarnason", written over a horizontal line.

Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Kjalölduveitu



Forsíðumyndin sýnir fornleifar nr. 74, vörðu (Horft mót N. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Landsvirkjun
Ágúst 2016

Inngangur

Að beiðni Landsvirkjunar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á Holtamannaafrétti vegna hugmynda um Kjalölduveitu sunnan Þjórsárvera.

Er könnunarsvæðið sýnt á mynd 1. Staðsetningar fornleifa eru sýndar með rauðum punktum á mynd 2.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar, Sýslulýsingar og Árbók Ferðafélags Íslands.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 10. ágúst síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð.

Umfang svæðisins hefur breyst frá því að fyrst var ákveðið að ráðast í þessa skráningu, en það kom ekki að sök. Markmið vettvangsferðarinnar nú var fyrst og fremst að skoða áður þekkta staði sem kynnu að geyma fornleifar skv. mati Minjastofnunar Íslands þar sem ekki þótti ástæða til að skrá minjar sem ekki eru þekktar í dag. Í þessu fellst að skoða þurfti hugsanlegar minjar gamallar leiðar sem þarna lá um.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrá.

Fulltrúi verkkaupa var Auður Magnúsdóttir hjá VSÓ ráðgjöf.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótvægisáð.
72:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
73:1	Varða	1	Framkv.	Talsverð	Lélegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
74:1	Varða	1	Framkv.	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Aldursgreining
75:1	Varða	1	Framkv.	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Aldursgreining

Tafla yfir skráðar fornleifar við hina fyrihuguðu Kjalölduveitu. Fornleifar nr. 72 reyndust utan við könnunarsvæðið en er þó látin fylgja hér með. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af viðverandi hættu. Mótvægisáðgerðir eru mat undisrtaðs.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar fornleifar eru friðlýstar í landi Lauga.

Samtals voru fjórar vörður skráðar í tengslum við vettvangs-könnunina, en ein þeirra reyndist liggja fyrir utan könnunarsvæðið og verður ekki fjallað um hana frekar hér, en þó ber þess að geta að hún getur hafa verið hluti af leið þeirri sem hinar vörðurnar kunna að hafa varðað. Því eru vörðurnar samtals þrjár sem málið varðar nú. Ein þeirra (nr. 73:1) virðist vera ung og hróflað upp í seinni tíð, minjagildi hennar er lítið og einkunnin einn í báðum tilfellum. Sé hún aftur á móti hluti áður nefndrar leiðar hækkar minja- og varðveislugildi hennar upp í þrjá rétt eins og varða nr. 72:1 myndi gera ef í ljós kemur að hún væri hluti af leiðinni. Hinar tvær (nr. 74:1 og 75:1) standa nálægt hvor annarri og um margt svipaðar. Báðar standa ofan á stórum steini, báðar eru byggðar upp af lábörðum steinum í neðri hluta og hellum í hinum efri. Hugsanlega hafa báðar vörðurnar verið hlaðnar upp aftur í seinni tíð. Báðar teljast hafa lítið minja og varðveislugildi en fá þó einkunina þrjá og er sú einkunagjöf ákveðin út frá því að þetta séu gamlar vörður sem hafa haft eitthvert hlutverk. Þessi líkindi varðanna benda frekar til þess að þær séu hluti af sama fyrirbæri, hvort sem það var að varða gamlan veg sem þarna hefur legið, eða eitthvað annað sem ekki liggur fyrir hvað var. Ekki varð vart við neinar götur eða slóða á þessum slóðum og aðrar vörður sáust ekki út frá þeim.

Ef vörðurnar hafa varðað gamla þjóðleið þá er líklegt að fleiri vörður gætu leynst við þá leið, þó ekki hafi þær fundist við þessa

vettvangskoðun og skýringin líklega sú að þær eru fallnar og jafnvel sandorpnar.

Í skýrslu eftir Ingibjörgu Sveinsdóttur kemur fram að fleiri vörður hafi legið um svæðið, allt að 13-14 vörður, en þær sáust ekki í þessari ferð (2014:8). Einnig kemur fram að vörður voru hlaðnar upp á ný nýlega.

Mjó ræma vestan við Þjórsá var ekki skoðuð á vettvangi, en hægt var að horfa yfir ána og skoða svæðið þannig. Ekkert sást sem gaf tilefni til þess að þar væru fornleifar að finna.

Ef minjar koma í ljós við hugsanlegar framkvæmdir á svæðinu ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða nánar um mótvægisaðgerðir.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja af einhverjum ástæðum þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið af ýmsum toga allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, sýnatökum að nákvæmri fornleifarannsókn. Fer umfang rannsókna gjarnan eftir tegund fornleifanna og ætluðum aldri þeirra. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Allar þær þrjár sem málið varðar töldust hafa lágt minja- og varðveislugildi og fengu einkunina ein - þrjá í báðum tilfellum. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf að grípa til mótvægisaðgerða vegna tveggja varðanna. Þær aðgerðir gætu verið að freista þess að aldursgreina þær og kanna hvort þær geymi einhverjar strúktúra sem ekki sjást nú (hleðslutækni o.s.frv.).

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Árbók Ferðafélags Íslands. Á Sprengisandi. Ferðaleiðir og umhverfi eftir

Hallgrím Jónasson. Ferðafélag Íslands. Reykjavík 1967.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn

Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Ingibjörg Sveinsdóttir. *Holtamannafréttur. Vörður og varðaðar leiðir*. Steinsholt. 12. maí 2014.

Íslenskt fornbréfasafn. Gefið út af Hinu íslenska bókmenntafélagi. Annað bindi 1253-1350. Kaupmannahöfn 1893.

Jarðaók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn 1938.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins ísl. bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. Rangárvallasýsla. Rangæingafélagið í Reykjavík. Reykjavík 1968.

Sýslulýsingar 1744-1749. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1957.

Örnefnaskrá. Laugar. Einar Kristjánsson skráði. Handrit. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Örnefni á Landmannaafretti. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Fylgirit: Fornleifaskrá: Holta- og Landsveit nr. 72-75.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

72

Sýsla

Rangárvallasýsla

Sveitarfélag

Holta- og Landsveit

Tákntala

8608

Hverfi

Landareign

Mí:Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

10.08.2016

GPS Staðsetning

E 500538 N 435429

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Varða

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Fjöldi

Kja 16

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Sæmilegt

1900-

Ekkert

Engin

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

2

Lítið

2

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Um 100 m SA af gili og um 50 m V af lækjardragi og mosapembu. Á lágu holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

0,8 x 1,0 m (VNV - ASA) og 0,8 m há.

Úr hellugróti.

Líklega er varðan ung og ekki er ljóst hvað hún varðar, nema að það hafi verið hið rennandi vatn. Einnig kemur til greina að hún varði þá leið sem vörður nr. 73-75 varða.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vörðunnar er heppilegt að leita álits Minjastofnunar Íslands um hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

73

Sýsla

Rangárvallasýsla

Sveitarfélag

Holta- og Landsveit

Tákntala

8608

Hverfi

Landareign

MÍ:Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

10.08.2016

GPS Staðsetning

E 502610 N 437264

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Varða

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Kja 16

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Lélegt

1900-

Framkvæmdir

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fríðlýsa?

Fríðlýst?

Hvenær

Lítið

1

Lítið

1

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Ofan á stórum steini á lágu holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

1,2 x 1,4 m (ANA - VSV) og 0,4 m há.

Úr hellu- og lábörðu gróti

Líklega er varðan ung og ekki er ljóst hvað hún varðar. Til greina kemur að hún varði þá leið sem vörður nr. 72, 74-75 varða.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vörðunnar er heppilegt að leita álits Minjastofnunar Íslands um hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

74

Sýsla

Rangárvallasýsla

Sveitarfélag

Holta- og Landsveit

Tákntala

Hverfi

Landareign

Mí:Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

10.08.2016

GPS Staðsetning

E 503451 N 437822

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

4

Tegund minja

Varða

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Kja 16

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Ágætt

1550-1900

Framkvæmdir

TalsverðTal

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Ofan á stórum steini á lágu holti.

Heimildir og munnmæli

Daniel Bruun 1925. Fjældveje gennem Islands indre højland. Turistruter paa Island IV. E. Jespersen forlag Kaupmannahöfn. Bls. 129-151.

Lýsing

Varða.

Um 0,8 m í þvermál og 1,4 m há.

Efri hlutinn er úr hellugróti en neðri hlutinn úr lábörðum steinum.

Ofarlega í vörðunni stendur ein hellan út og vísar til ANA. Hugsanlega er þetta vegvísir sem bendir á hvar leiðin liggur upp fjallið.

Fornleifar nr. 75 (varða) sjást frá vörðunni og eru 70 m NA af henni (sjá neðri mynd).

Hugsanlega varðar varðan gamla leið sem legið hefur um sandinn, en hennar sér hvergi merki.

Leiðin lá með Þjórsá, m.a. frá Hvannagilsfossi að Svartagili.

Einnig kemur til greina að hún varði þá leið sem vörður nr. 72-73 varða.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vörðunnar er heppilegt að leita álits Minjastofnunar Íslands um hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

75

Undirnr.

1

Sýsla

Rangárvallasýsla

Landareign

Sveitarfélag

Holta- og Landsveit

Mí:Nr

Tákntala

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

10.08.2016

GPS Staðsetning

E 503492 N 437876

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

4

Tegund minja

Varða

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Kja 16

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Ágætt

1550-1900

Framkvæmdir

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Ofan á stórum steini á lágu holti.

Heimildir og munnmæli

Daniel Bruun 1925. Fjældveje gennem Islands indre højland. Turistruter paa Island IV. E. Jespersen forlag Kaupmannahöfn. Bls. 129-151.

Lýsing

Varða.

Um 1,1-1,2 m í þvermál og 1,5 m há.

Efri hlutinn er úr hellugróti en neðri hlutinn úr lábörðum steinum.

Fornleifar nr. 74 (varða) sjást frá vörðunni og eru 70 m SV af henni (sjá neðri mynd).

NV af vörðunni er grjóthruga sem virðist ung (sjá efri mynd).

Hugsanlega varðar varðan gamla leið sem legið hefur um sandinn, en hennar sér hvergi merki.

Leiðin lá með Þjórsá, m.a. frá Hvannagilsfossi að Svartagili.

Einnig kemur til greina að hún varði þá leið sem vörður nr. 72-73 varða.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vörðunnar er heppilegt að leita álits Minjastofnunar Íslands um hugsanlegar mótvægisáðgerðir.



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

